



Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð,
Reykjavíkurborg,
Sent rafrænt.

Reykjavík, 20. september 2023.

Efni: Umsögn LRH varðandi samráðsvettvang ymissa aðila um börn og ungmenni í tengslum við ofbeldi.

Vísað er til erindis Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs Reykjavíkurborgar, dags. 28. ágúst sl., þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um tillögu ráðsins um stofnun samráðsvettvangs um börn og ungmenni í tengslum við ofbeldi. Í tillögunni felst að settur verði á fót samstarfshópur í Reykjavík sem hefur það hlutverk að leggja til leiðir til að annars vegar að vinna að forvörnum gegn ofbeldi meðal barna og ungmenna og samræma þá vinnu, og hins vegar til að bregðast strax við þegar slík brot eiga sér stað. Fram kemur að lögð verði áhersla á þverfaglega samvinnu stofnana og grasrótarsamtaka sem tengjast málefnum barna.

LRH tekur undir mikilvægi þess að efla samstarf í þessum málum og telur janframt að þverfaglegt samstarf stofnana og hagsmunaaðila með börnum, foreldrum og forsjáraðilum sé lykilatriði til að draga úr líkum á auknu og alvarlegu ofbeldi meðal barna og stuðla að farsæld fyrir börn, og þá sérstaklega fyrir börn í viðkvæmri stöðu.

Embættið telur hins vegar rétt að aðgreina slíkt samstarf eftir því hvort um einstaklingsmálefni séu að ræða eða hvort um sé að ræða forvarnavinnu sem sé ætluð börnum og ungmennum almennt.

Vert er að geta þess, hvað varðar einstaklingsmálefni, að með það að markmiði að efla þverfaglegt samstarf stofnana og hagsmunaaðila, var undirrituð samstarfsyfirlýsing m.a. Reykjavíkurborgar, lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu og Suðurmíðstöðvar en fyrrgreindir aðilar unnu sameiginlegt verklag til að draga úr líkum á auknu og alvarlegu ofbeldi meðal barna og stuðla að farsæld fyrir börn í viðkvæmri stöðu. Á þessu ári hefur verið unnið að innleiðingu verklagsins og gengur sú vinna vel. Áætlað er að reynslan af þessari innleiðingu verði nýtt til að þróa svo samstarf í öðrum borgarhlutum í kjölfarið. Embættið mun leggja til að því verkefni verði hraðað eftir föngum, þ.e. útvíkkun þess á starfssvæði hinna miðstöðvanna, en þessi vinna hefur það að markmiði að tengja saman tengiliði í nær samfélagi barna og vinna þannig að einstaklingsmálum með velferð barna og ungmenna í að leiðarljósi. Innan þessa ramma væri hægt að gera ráð fyrir sérstökum viðbragðsteymum sem gætu brugðist hratt við ef upp koma alvarleg mál sem þörfuðust skjótrar úrvinnslu.

Samráðsvettvangur þar sem þar sem unnið er með ofbeldisforvarnir með aðkomu ymissa stofnana og grasrótarsamtaka hefði á hinn bóginn almennara hlutverk, þó engu síður mikilvægt. Ekki yrði unnið þar með persónugreinanlegar upplýsingar einstaklinga og því skilyrði til þess að hafa viðtækara samráð



LÖGREGLAN

Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

ólíkra aðila. Hópurinn gæti kortlagt umfang vandans, skilgreint og safnað upplýsingum, haldið utan um tölfraði, gert úttektir, staðið fyrir gerð og dreifingu forvarnaefnis og almennrar vitundarvakningar, kallað eftir lagabreytingum, auknum úrræðum og fjármögnun þeirra eða öðru því sem hjálpaði við að sporna við ofbeldishegðun og hann hefði jafnframt það hlutverk að styðja við samstarfshópanna í hverfum borgarinnar.

Í því ljósi er vert að nefna að lögreglan hefur staðið fyrir tilraunaverkefnum og vitundarvakningu um málefni barna um langa hríð en sem dæmi má nefna situr LRH í mörgum samráðs- og/eða samstarfshópum sem eiga með einum eða öðrum hætti að tryggja réttindi og lúta að málefnum barna s.s. í forvarnarhópnum SAMAN (samstarf fólks sem vinnur að forvörnum fyrir börn og unglinga) og Náum áttum (samstarfshópur um fræðslu og forvarnarmál). Hjá embættinu eru enn fremur starfandi svokallaðar samfélagslöggur en það eru lögreglumenn sem vinna markvisst að því að styrkja tengsl lögreglunnar við ungt fólk og færa lögregluna nær samfélaginu. Þá ber að geta þess að mikilvæg vinna hefur farið fram og fer fram hjá embætti ríkislögreglustjóra en þar er m.a. unnið að gerð fræðsluefnis fyrir samfélagslögreglumenn og að undirbúningi sérstaks átaks og vitundarvakningu hvað varðar líkamsárásir, vopnaburð og útbreiðslu starfræns myndefnis.

Almennt þá fögnum við auknu samstarfi allra hagsmunaaðila til að sporna við ofbeldi meðal barna og ungmenna. Við teljum mikilvægt að lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hafi aðkomu að slíku samstarfi en ítrekum að gera þurfi greinarmun á verkefnum/hópum þar sem unnið er með persónuupplýsingar og almennari nálgun þar sem fleiri geta haft aðkomu.

Virðingarfyllt,

Margrét Kristín Pálsdóttir,

settur aðstoðarlögreglustjóri.